

um frv. til laga um breyting á fátækralögum frá 10. nóv. 1905.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Fr. þetta er stjórnarfrv. og var lagt fyrir hv. Ed. snemma á þessu þingi. Tók það þar allmiklum breytingum í meðferð deildarinnar, og var það einkum lengd sveitfestistímans, sem olli þar ágreiningi. Hefir nefndin rætt frv. allræki-lega, en ekki getað orðið allskostar sammála.

Í frv. stjórnarinnar var lagt til, að sveitfestistíminn færðist úr 10 árum niður í 5 ár og að menn byrjuðu að vinna sjer sveit 21 árs gamlir. Efri deild breytti þessu þannig, að sveitfestistíminn var færður ofan í 3 ár og aldurstakmarkið í 16 ár, og er meiri hl. sammála hv. Ed. um hið síðara.

En meiri hl. þykir fulllangt stigið að færa sveitfestistímann niður í 3 ár, en minni hl. fellst á það, og á því atriði klofnaði nefndin. Telur meiri hl. vissara að reyna þessa breytingu áður en lengra er farið.

Hinsvegar fellst meiri hl. fullkomlega á það, að nauðsynlegt sje að stytta sveitfestistímann, til þess að draga úr hættu fæðingarhrepis, og liggja til þess ýms rök.

Fyrst og fremst er að geta þess, að síðan vistarbandið var leyst hefir verið miklu meira los á heimilisfangi manna en áður.

Er nú fjöldi manna laus og fer á milli hreppa og landshluta til þess að leita sjer atvinnu.

Fækkar þeim því, sem vinna í sveitum landsins sem árshjú eða með föstu heimilisfangi, og þá um leið færri og færri, sem vinna sjer sveit eftir núgildandi fátækralögum. Verður því oft sú niðurstaðan, að fæðingarhreppurinn verður að taka við mönnum, þegar að þrengir, jafnvel þótt þeir sjeu þá komnir á gamals aldur. Er það ekki sanngjarnt, þar sem oft er svo, að hlutaðeigendur hafa ekki dvalið í fæðingarhreppnum frá því þeir fæddust þar.

En ef sveitfestistíminn yrði nú færður niður í 3 ár, telur meiri hl. að ekki mundi verða hjá því komist, að sett yrði í frv. ákvæði um það, að heimilt væri bæjar- og sveitarstjórnnum að takmarka innflutning, og myndi það mest koma niður á fátækum mönnum.

Meiri hl. kannast við það, að undanfarið hafi of mikill fólksstraumur legið úr sveitum til bæja og fiskiþorpa, og að gott muni vera, að afturkippur komi í þann straum að nokkru. En þar sem nú er fremur dauft yfir aðalatvinnuvegi sveitanna — landbúnaði —, telur hann vafasamt, að sveitirnar geti tekið við öllu því fólki í bili, sem bolað yrði úr kaupstöðum og þorpum, ef sveitfestin yrði færð nú í 3 ár. Af því myndi leiða mikill hrakningur fyrir fátækt fólk, og að því vill meiri hl. ekki stuðla frekar en nauðsyn krefur.

En mikil bót verður að teljast fyrir sveitarfélögin, ef sveitfestin yrði nú stytta um helming, og mætti það vel verða til þess, að ýmsir þeirra manna, sem nú vinna sjer hvergi sveit, ynnu sjer sveitfesti, svo ekki komi eins oft til kasta fæðingarhreppsins eins og nú er.

Hið annað, sem hv. Ed. feldi úr stjórnarfrv., svo sem undantekningar um það, hvað skuli teljast sveitarstyrkur, fellst meiri hl. á. Telur hann því of-
aukið orðunum í síðustu línu 1. gr. »eða styrk eftir þessum lögum«, vegna þess að búið er að fella úr frv. stjórnarinnar þau ákvæði, sem þessi orð eiga við. Brit. á þskj. 164 getum við ekki fallist á.

Leggur því meiri hl. til, að frv. verði samþykkt með eftirfylgjandi

BREYTINGUM.

Við 1. gr.

- a. Fyrir »3 ár« komi: 5 ár.
- b. Úr síðustu línu falli burt orðin »eða styrk eftir þessum lögum«.

Alþingi, 11. apríl 1923.

Jón Þorláksson,
form.

Magnús Jónsson,
ritari.

Björn Hallsson,
frsm. meiri hl.

Magnús Guðmundsson.